Förgun neyðarbúnaðar frá skipum

Borið hefur á að kviknað hafi í blysum og flugeldum á móttökustöðvum sorps þar sem endurvinnsla fer fram. Uppruni blysa og flugelda er oft frá skipum þar sem reglulega þarf að uppfæra þennan neyðarbúnað.

Almennum borgurum getur stafað hætta að þessum búnaði ef honum er ekki fargað á ábyrgan hátt.

Hægt er að koma með blys og flugelda í endurvinnslustöðvar um allt land. **Það má ekki setja neyðarbúnaðinn saman með öðru sem verið er að farga**. Í endurvinnslustöðvunum er yfirleitt sér gámur fyrir hættuleg efni og falla blys og flugeldar undir þennan flokk.



Samgöngustofa